

Ed.

569. Frumvarp til laga

[239. mál]

um breyting á lögum nr. 21 27. apríl 1968, um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt, á meðan á byggingartíma stendur, að veita lán til byggingarmeistara, byggingarsamvinnufélaga og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlána-reglum húsnæðismálastjórnar. Lán þessi skiptast síðan milli væntanlegra íbúðar-kaupenda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 21 27. apríl 1968 var húsnæðismálastjórn heimilað að veita lán, meðan á byggingartíma stendur, til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlána-reglum húsnæðismálastjórnar, en lán þessi skyldu síðar skiptast milli væntanlegra íbúðar-kaupenda.

Þessi ráðstöfun var gerð til þess að ráða nokkra bót á fjármagnsskorti þeirra aðila, sem lögin ná til, og hefur vafalaust verið full þörf á henni, svo mjög sem byggingarkostnaður hefur hækkað hér á undanförunum verðpensluárum.

Okkur flm. finnst einsýnt, að byggingarsamvinnufélögin eigi ekki síður rétt á slíkri fyrirgreiðslu af opinberri hálfu, enda má segja, að lögin um þessi merku samvinnufélög séu nú lítið meira en dauður bókstafur, þar sem ekkert hefur verið gert til þess að tryggja sölu hinna ríkistryggðu skuldabréfa, en sala þeirra er forsenda fyrir fjármögnun framkvæmda á vegum félaganna.

Því hefur margsinnis verið lofað af opinberri hálfu, að fram skyldi fara gagnger endurskoðun á lagafyrirmælum, er varða byggingamálin. M. a. hefur frumvarpi um breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög verið vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim rökstuðningi, að slík endurskoðun stæði yfir. Þrátt fyrir margitrektaðar yfirlýsingar hefur ekkert komið fram til endurbóta á þessari þýðingarmiklu löggjöf, og meðan svo er, teljum við flm. það lágmarkskröfu, að byggingarsamvinnufélögin sitji við sama borð og aðrir að því er varðar þá takmörkuðu fjárhagsaðstoð, sem hið opinbera lætur í té til húsbygginga.